

Mánudaginn 17. júnímán. 1878.

Nr. 35/1877: Fyrrum justitiarius Th. Jonassen,  
justitiarius Jón Pjetursson og  
assessor Magnús Stephensen.  
gegn  
sýslumanni Benedikt Sveinssyni.

D ó m u r:

Eptir að hinn stefndi sýslumaður Benedikt Sveinsson með skjali dags. 24. júlí 1876 hafði látið ritstjóra blaðsins «Norðlings» vita, að hann hefði ritað grein, sem prentuð er í 1. árgangi nefnds blaðs 25. og 26. tölublaði frá 7. og 20. apríl s. á. með yfirskrift: «svar uppá fyrirspurn í Norðlingi I, 23, bls. 177—178», jafnframt og hann ljét þess getið, að ummælin í grein þessari um ritstjóra Björn Jónsson og yfirkennara H. Kr. Friðriksson væri sjer óviðkomandi, höfðuðu dómendur hins konunglega landsyfirrjettar, þá verandi justitiarius Th. Jonassen og assessorarnir Jón Pjetursson og Magnús Stephensen, eptir skipun landshöfðingja, mál fyrir hjer-aðsdómi Þingeyjarsýslu gegn hinum stefnda sýslumanni Benedikt Sveinssyni, fyrir meiðyrði um þá í tjeðri grein, og var hinn stefndi með aukarjettardómi Þingeyjar-sýslu uppkveðnum 4. október f. á. sýknaður fyrir á-kæru sækjendanna, málskostnaður látinn falla niður og hinum skipaða málsfærslumanni sækjendanna, Jóni al-þingismanni Sigurðssyni, dæmd málsfærslulaun með 20 krónum úr opinberum sjóði.

Dómi þessum hafa nú áfrýjendurnir skotið til yfir-dómsins og krafizt þess, að hinn stefndi, sýslumaður Benedikt Sveinsson, verði dæmdur til einfalds fangelsis eða fjesekta fyrir meiðyrði þau, er greinin innihaldi um áfrýjendurna, að þau verði dæmd dauð og ómerk, og loks, að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða máls-

kostnað. Hinn stefndi hefur á hinn bóginn krafizt, að hann verði dæmdur sýkn í þessu máli, og að honum verði dæmdur málskostnaður.

Hinn stefndi hefur að vísu á þann hátt, er hjer að framan er til greint, kannast við að hafa ritað grein þessa, en hefur þó undir rekstri málsins neitað því, að hann hafi tekizt á hendur ábyrgð fyrir hana, og að hann hafi gefið útgefanda og ábyrgðarmanni blaðsins heimild til þess að prenta hana í blaðinu.

Og með því nú rjetturinn án tillits til þessarar yfirlýsingar verður að álíta, að hinn stefndi höfundur greinarinnar því að eins geti borið ábyrgð fyrir hana, að hann, eins og tiltekið er í tilskipun 9. maí 1855 3. gr., hafi sagt til nafns síns sem höfundur á ritinu, en þetta hefur eigi verið gjört, og með því hið lögboðna skilyrði fyrir því, að hann verði látinn sæta ábyrgð fyrir innihald greinarinnar, þannig vantar, verður að dæma hann sýknan af kröfum áfrýjendanna og staðfesta dóm undirrjettarins. Málskostnaður fyrir yfirrjettinum fallur niður.

Að því leyti mál þetta hefur verið flutt með gjafsókn vottast, að meðferð málsins í hjeraði og hjer fyrir rjettinum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettarins dómur á óraskaður að standa.  
Málskostnaður við yfirrjettinn falli niður.

Mánudaginn 1. júlímán. 1878.

Nr. 36/1877: Jón Breiðfjörð og Ásbjörn Ólafsson.  
      geggn

Jóni Oddsyni og Guðmundi Hannessyni.

Dómur:

Mál það, sem hjer er undir áfrýjun, er höfðað í